

Svarthvíti heimurinn

og besta feluleikhúsið

Olga Sonja Thorarensen

Listaháskóli Íslands

Leiklistardeild

Leikarabraut

Svarthvíti heimurinn

og besta feluleikhúsið

Olga Sonja Thorarensen

Leiðbeinandi: Magnús Þór Þorbergsson

Vorönn 2012

Í þessari ritgerð mun ég gera grein fyrir *Theatre of the Oppressed*, fræðum hins Brasilíska leikhúsmanns og aðgerðarsinna Augusto Boal. Ég mun síðan gera tilraun til að skoða Besta flokkinn út frá hugmyndum hans. Ég ætla að athuga hvort þau nýti sér svipaðar aðferðir í kosningabaráttu sinni og hvort eitthvað sameiginlegt sé með fræðum Boal og markmiðum Besta flokksins. Til að rannsaka þetta mun ég taka fyrir einstök atvik eins og tilraunir Boal með ósýnilega leikhúsið, *The invisible theatre*. Og hvort Besti flokkurinn nýti sér svipaðar aðferðir í kosningabaráttu sinni eða leik eins og Jón Gnarr kaus að kalla hana. Getur þá verið að um einhvers konar pólitískt feluleikhús sé að ræða?

Efnisyfirlit

Ég á heima í svarthvítum heimi.....	4
-Augusto Boal-	6
-Leikhús hinna kúguðu-.....	6
-Joker-.....	6
-Leikhús fyrir alla, pólitík fyrir alla!-	9
-Ósýnilega leikhúsið-.....	11
-Absúrdismi, viðbragð eftir hrun.-.....	14
-Lokaorð-	16
Heimildaskrá.....	17

Ég á heima í svarthvítum heimi.

Svarthvíti heimurinn er með allt á hreinu. Þar eru engir lausir endar, alla vega engir sjáanlega lausir. Þeim er komið vel fyrir í þar til gerðum skúffum fyrir þá. Þeir, eins og allt annað í svarthvíta heiminum eiga sér skúffu. Hér er allt flokkað og geymt á stöðum þar sem þeir sem skipta máli vita um það. Svarthvíti heimurinn sér til þess að ég hafi alltaf nóg sjónvarps og lesefni, nægan mat og í raun nóg af öllu. Öllum nauðsynjum og ónauðsynjum. Þetta er mjög hentugt fyrir mig og gerir líf mitt eins fyrirhafnarlítið og mögulegt er. Ég þarf í raun ekkert að framkvæma, get bara notið og notið. Ljúft.

Í svarthvíta heiminum búa kerfisdýr, sem líka eru flokkuð. Ekki í skúffur að vísu en í stöður og flokka. Við kerfisdýrin erum líka mjög góð hermidýr. Við skiljum bæði orsök og afleiðingu og búum yfir minni sem hjálpar okkur í hermileiknum. Þó ekki mjög góðu langtímaminni eða misgóðu kannski. En þó nægu til að geta hermt eftir því sem fyrir okkur er haft. Út frá reynslu okkar flokkum við síðan eins og okkur er kennt að gera. Við flokkum og flokkum og greinum allt í paula, setjum merkingu í allt umhverfi okkar. Þegar ég var lítil hélt ég að amma og afi hefðu lifað svarthvítu lífi. Allar ljósmyndir og bíómyndir sem ég hafði séð frá þeirra tíma voru svarthvítar á meðan allt umhverfi mitt var í lit. Og þar sem ég var fædd inn í heim sem samanstóð af hugtökunum rétt og rangt fannst mér ekkert sjálfsagðara en að þær upplýsingar sem ég hafði í höndunum væru réttar. Og líf þeirra hefði því verið svarthvitt á meðan ég lifði í litaheimi. Seinna komst ég að því að þetta var allt stór misskilningur. Við erum öll í svarthvíta heiminum. Kerfið hefur ekkert breyst, er það?

Við í svarthvíta heiminum höfum komið okkur upp veigamiklu merkingar- og flokkunarkerfi þar sem stærstu skúffurnar eru rétt og rangt skúffurnar. En þessi óendanlega þörf okkar fyrir að leggja merkingu í allt og skilgreina setur okkur á einhvern óskilgreindan stað. Hvar stöndum við? Erum við nógu flókin eða of flókin til að skilja þetta flókna kerfi okkar? Kannski höfum við bara öll verið að misskilja okkur sjálf eins og Hildur Líf?

Ég held að svarthvíta heiminum sé aðallega viðhaldið af ríkjandi efnahgs- og stjórnkerfi og þess vegna langar mig að skoða það sem gerðist hér á Íslandi í kjölfar bankahruns og kreppu? Það gerðist nefninlega dálítið merkilegt. Byltingarandi og baráttuhugur sameinaði þjóðina og fólk tók að mótmæla. Mótmæla ráðamönnum sem áttu að bera

ábyrgð á málum þjóðarinnar. En getur verið að raunverulega höfum við verið að mótmæla kerfinu? Kerfinu sem við höfum í áraraðir hjálpast að við að reisa. Kerfi sem við höfum sameinast um að hlaða hljóðmúrum sem skilja að þjóð og ráðamenn. Kerfi sem gerir okkur að hinum hljóðlausa múgi sem lætur ríkisstjórnina um allar ákvarðanir og ábyrgð. Ætti lýðræðið ekki að vera virkara og með þeim hætti að í sameiningu tækjum við ákvarðanir og öxluðum ábyrgð? Virkara lýðræði er einmitt eitt af stefnumálum Besta flokksins sem náði kjöri í seinustu borgarstjórnarkosningum.

Mig langar að skoða hvort Besti flokkurinn sé viðleitni til að skapa nýtt kerfi? Og hvaða aðferðum þau beiti? Mætti kalla þau einhvers konar absúrd feluleikhús? Hvar liggja mörkin milli leiks og raunveru? Er öll pólitíkin kannski leikhús en á sama tíma raunveruleg?

„The proposal of a new system does not arise out of vacuum. It always appears in answer to esthetic and social stimuli and needs.”

(Augusto Boal. 1974. Bls 173)

-Augusto Boal-

Augusto Boal var brasilískur leikhúsmaður og aðgerðasinni sem gerðist stjórnmalamaður á seinni árum. Hann var fæddur árið 1931 og lést um vorið 2009. Boal var þekktur fyrir kerfi sitt sem hann kallaði leikhús hinna kúguðu (e: Theatre of the Oppressed) og varð til í gegnum þróun hans á röðum verka sem öll miðuðu að því að frelsa einstaklinginn undan oki yfirvalda eða hinna ráðandi stétta. Boal byrjaði að þróa hugmyndir sínar um leikhús við Arena leikhúsið þar sem hann starfaði sem leiktjóri á árunum 1956-71. Árið 1971 fluttist hann síðan til Argentínu þar sem hann hélt áfram rannsóknum sínum og kom fram með aðferð sem hann kallaði ósýnilega leikhúsið. Ósýnilega leikhúsið notaði hann sem tæki til að ýta undir umræðu hjá almenningi á umdeildum pólitískum atriðum. Boal var um tíma á þingi fyrir verkamannaflokkinn (PT) í Rio de Janeiro þar sem hann kom fram með nýjasta leikhúsform sitt, Löggjafarleikhúsið (e: The legislative theatre). Það átti gera fólkinu kleift að nota leikhúsið sem miðil til að koma tillögum sínum að lagabreytingum eða nýjum lögum á framfæri til þingsins.

(Michael Huxley og Noel Witts. 1996. bls.91-92)

-Leikhús hinna kúguðu-

Boal taldi að breyting þyrfti að eiga sér stað í leikhúsinu eins og öðrum vettvöngum samfélagsins þar sem mörkin milli áhorfandans og gerandans væru rifin niður. Markmið hans var að losa okkur við alla aðgreiningu og statusa. Hann vildi heim þar sem allir væru leikarar og áhorfendur í senn og notaði orðið spect-actor yfir þessa hugmynd sína. Niðurstaða hans var sú að áhorfandi (spectator) væri slæmt orð. Og þetta hugtak gerði okkur raunar að hinum þögla og aðgerðalaus fjölda.

Í gegnum þróun sína á nýju kerfi sem miðaði að frelsun hins kúgaða áhorfanda komst Boal að ýmsu sem hann taldi vera þörf fyrir í sýningum sýnum. Þar á meðal var hinn svo kallaði Joker.

-Joker-

Joker kerfið hugsaði Boal sem tæki til að brjóta niður mörk. Í fyrsta lagi mörkin milli áhorfenda og leikara en einnig mörkin milli aðalleikara og kórs eða aukaleikara.

Joker kerfið er þróað í gegnum leikhúspælingar Boal og því notar hann leikhúsið til að útskýra þörfina fyrir þetta kerfi. Þó svo að kerfið mætti auðvitað yfirfæra á aðra staði þjóðfélagsins til að koma í veg fyrir kúgun og firringu.

Boal lýsir því ferli sem fer í gang þegar kemur að uppsetningu verka. Hann talar um þörfina fyrir að greina og vita hvaða skilaboðum á að koma til áhorfandans. Þannig getur leikstjórinn og eins höfundur verksins leitt áhorfandann þangað sem hann vill með því að setja fókusinn á ákveðna þætti í samræmi við fyrirfram ákveðið sjónarhorn og skoðun höfundar eða leikstjóra. Þessi þörf til að koma skilaboðum höfundar til áhorfandans hefur alltaf verið til staðar og nokkrar mismunandi leiðir farnar. Einræður hafa gjarnan verið notaðar til að koma flækju verksins til skila og eins virkaði kórinn í grísku harmleikjunum ekki einungis sem drífandi afl heldur gerði hann líka grein fyrir aðalpersónunni og vandamálum hennar. Í realískum verkum var sögupersónan síðan notuð sem mál gagn höfundar til að koma skilaboðum til áhorfenda.

Joker kerfið glímir líka við að þurfa að koma sögn verksins til áhorfandans og er það vandamál leyst á svipaðan hátt og í hinum aðferðunum. En það sem hann vill forðast að taka frá þeim og hefur í raun óbeit á er sá dulbúningur sem skilaboðunum er vafið inn í. Honum finnst að með því að dulbúa sögnina eða skilaboðin inni í verkinu sé verið að búa til feluleik. Feluleik sem sé til þess eins gerður að skapa fjarlægð milli áhorfenda og sögupersóna og þannig verði hinn þögli fjöldi til. Boal vill meiri nánd og gera áhorfandann þannig að virkum þáttakanda og leggur þess vegna til hinn svokallaða Joker. Persónu sem hann færir nær áhorfandanum og á að virka eins og nágrenni áhorfenda. Þar með er nauðsynlegt að færa hann fjær öðrum sögupersónum. Þannig er eins og sýningin þróist á tvo mismunandi vegu en þó samsíða. Verkið tilheyrir hinum hefðbunda leikhúsheimi á meðan Jokerinn er til staðar og virkar fremur eins og ritstjóri fyrirlesturs. Jokerinn kemur þannig í veg fyrir að áhorfandinn sé meðvitundarlaus dreginn inn í heim verksins.

Boal talar einnig um að í hinu hefðbundna leikhúsi sé yfirleitt valið eitt ákveðið form eða stíll við uppsetningu verks til að setja heildarmynd á það.

Í Joker kerfinu leggur hann hins vegar til að allir möguleikar séu opnir þar sem nýr stíll eða form sé valið fyrir hvern þátt eða senu, eftir því hvað hentar hverju sinni, án þess að það komi niður á heildarútkomunni.

(Michael Huxley og Noel Witts. 1996. bls 174-177)

Joker kerfið var því ákveðið mótsvar við ríkjandi kerfi og viðurkenndum gildum.

En ef lífið er pólitík og pólitík er leikhús mætti þá ekki segja að hinu viðtekna stjórnarkerfi svipi að miklu leyti til hins hefðbundna leikhúsforms sem Boal talar um. Þar sem fólk flokkar sig í flokka og breytir síðan og hegðar sér í samræmi við viðurkennd gildi flokksins. Flokkarnir koma síðan saman inni á Alþingi sem virðist vera annar heimur en sá sem við hin lifum í. Hjúpaður heimur og alls ekki afhjúpaður. Getur verið að Alþingi sé hið hefðbundna leikhús með sínum formföstu gildum? Þar sem allir ráðamenn tilheyra sameiginlegu kerfi, með sameiginlegu formi, sameiginlegri orðræðu og sameiginlegri aðferð við að klýfa metorðastigann? Ein heildarmynd.

Structures of the “Joker”

„...A “protagonic” character must have the outlook of the character and not of the authors. His existence is never interrupted, although, simultaneously, the “Joker” may be analyzing some detail of the play: He will continue his action “really” like a character from another play, lost on a theater stage. He is the “slice of life,” neorealism, the cinéma vérité, the living documentary, the detail, the apparent truth, the real thing.

The actor must not only be guided by criteria of verisimilitude; his scenographic conception must do it too: his clothes, his other personal items must be as authentic as possible. Upon seeing him, the audience must always have the impression of the absent fourth wall, even though the other three may also be absent.

This function attempts to reconquer the empathy that is always lost every time a performance tends toward a high degree of abstraction.”

(Augusto Boal, bls. 180-181)

Er Jón þá Jokerinn?

Út frá greinum sem birtar hafa verið um Besta flokkinn og starf hans má greinilega sjá að markmið þeirra eins og Boal er að brjóta niður hið formfasta kerfi og viðtekin gildi.

Jón segir meðal annars í viðtali sem birt var í tímaritinu Der Spiegel, „Ég vil brjóta það upp, kerfið, en fyrst þarf ég að lauma mér inn til að geta losað mig við það.”

(Brenner, 2011)

Í öðru viðtali sem tekið var við Einar Örn kemur fram að flokkurinn sé mótfallinn uppbyggingu núverandi stjórn málaumræðu. Þeim finnst að borgarar ættu að hafa meira frumkvæði hvað varðar ákvarðanatöku í borginni. Hann bætir síðan við: "Í rauninni viljum við koma af stað byltingu, nýrri og opnari pólitískri hugsun. Til dæmis höfum við búið til hugmyndadálk inni á heimasíðu okkar þar sem fólk getur komið hugmyndum sínum um borgarmál á framfæri."

(Haddad, 2011)

Það sem mig langar hins vegar að skoða eru aðferðirnar sem þau beita til að til að brjóta niður ríkjandi kerfi. Og hvort þau nýti sér leikhúsformið sem tæki í byltingunni.

Í kosningabaráttunni var áberandi að Besti flokkurinn fór óhefðbundnar leiðir og var jafnvel með fáránlegar yfirlýsingar sem settu hefðbundnar yfirlýsingar stjórnmalamanna í þannig samhengi að fólk fór að setja spurningar við hina almennu stjórn málaumræðu.

-Leikhús fyrir alla, pólitík fyrir alla!-

Í bók sinni Theatre of the Oppressed kemur Boal inn á lestrarherferð sem hann aðstoðaði við í Perú. Verkefnið gekk undir heitinu ALFIN og var markmiðið að öll þjóðin yrði læs. Boal var fenginn inn í verkefnið til að nota leikrænar aðferðir við kennslu. Í bókinni skrifar hann um þann þátt er hann lagði til rannsóknarinnar og kemur inn á mismunandi leikrænar aðferðir sem hann miðlaði. Undir þeim formerkjum að leikhúsið væri tungumál sem allir ættu að geta nýtt sér, hvort sem þar væru einhverjir listrænir hæfileikar að baki eða ekki. Hann vildi sýna fram á að leikhúsið gæti nýst í þágu hinna kúguðu og fólkið gæti tjáð sig og uppgötvað ný hugtök í gegnum þetta nýja tungumál.

(Augusto Boal. 1974. Bls. 120-121)

Ástæðan fyrir því að mig langaði að taka þessa tilraun sem dæmi var að mig langaði til að skoða hugmyndir Besta flokksins út frá hugmyndum Boal. Hvort í tillögu sinni að virkara lýðræði og nýjum gildum hafi þau notast við svipaðar aðferðir? Þar sem hugmyndin virðist hafa verið að gera pólitíkina aðgengilega öllum en ekki bara einhverju einvala liði. Gera hana að tungumáli sem allir gætu tjáð sig á.

"The human spirit has been crushed by small-minded people playing politics,"

Segir Einar Örn. "We have no agenda and are just fully engaged in trying to do our best. We have no party members and no idea about spin or political

punchlines. When we don't know something, we admit ignorance."

(Birrel, 2011)

Í myndinni Gnarr er einmitt notað skot úr Kastljósi þar sem Helgi Seljan spyr Jón hvort hann hafi ekki rekið fyrirtæki sem hafi orðið gjaldþrota í tengslum við hvort hægt sé að treysta honum fyrir rekstri Reykjavíkurborgar.

Þar svarar Jón honum í fullri einlægni og segist reyndar ekki skilja afhverju það hafi gerst þar sem Tvíhöfði, fyrirtækið sem Helgi vísaði til, hafi borgað alla sína reikninga.

(Gnarr)

Það mætti segja að þetta hafi verið einn liður í því að brjóta niður þann múr sem skilur stjórnámálamenn frá okkur hinum. Með þessu fer hann algjörlega gegn þeirri orðræðu sem stjórnámálamenn tileinka sér og gengur í flestum tilfellum út á að fara í kringum hlutina og verja eigin hagsmuni.

Jón talar einmitt um það í myndinni, hvað pólitík snúist allt of lítið um hugsjónir og allt of mikið um hagsmuni.

(Gnarr)

Markmið Boal með fræðum sínum um hina kúguðu var að breyta fólki úr aðgerðarlausum „áhorfendum“ í gerendur, leikara sem breyta dramatískri framvindu. Til skýringar setur hann fram þrjú mismunandi leikhúsform eða fræði. Í fræðum Aristótelesar leggur áhorfandinn öll völd til að hugsa og framkvæma í hendur karaktersins eða sögupersónunnar. Brecht hins vegar gefur áhorfandanum rétt til að hugsa sjálfstætt, jafnvel á öndverðu meiði við sögupersónuna. Engu að síður er framkvæmdarvald enn í höndum sögupersónu. Aristóteles sagði að áhorfandinn ætti að upplifa svokallað kaþarsis (hreinsun) í lok harmleiksins en Brecht vildi vekja hann til gagnrýnninnar meðvitundar.

Fræði hinna kúguðu eru hins vegar ólík hinum tveimur að því leytinu að fókusinn er á framkvæmdina sjálfa. Í stað þess að setja öll völd í hendur karaktersins eða leikarans tekur áhorfandinn sjálfur á sig hlutverk aðalpersónunnar og hefur vald til að umbreyta dramatískri framvindu. Ætlunin er að hvetja áhorfandann til að leita svara með því að reyna mismunandi lausnir og ræða breytingar. Þannig æfir hann sig fyrir raunverulega framkvæmd. Þessar tilraunir Boal innan leikhússins mætti því kannski segja að hafi verið nokkurs konar rannsóknarleiðangur í átt að ákveðnu markmiði, byltingu. Boal sagði einmitt sjálfur að í þessu tilfalli væri leikhúsið ekki byltingarkennt í sjálfu sér, en

það væri vafalaust æfing fyrir byltingu.

(Augusto Boal. 1974. Bls. 122)

“The liberated spectator, as a whole person, launches into action. No matter that the action is fictional; what matters is that it is action!”

(Augusto Boal. 1974. Bls. 122)

Ef Besti flokkurinn er hinn almenni borgari (þau eru öll einstaklingar sem hafa enga reynslu á sviði stjórn mála og mætti því kannski segja að þau væru rödd hins þögla fjölda sem síðan rís upp). Þá er það skoðun Boal að í raun skipti ekki máli hvort um leikhús eða alvöru sé að ræða. Þar sem um er að ræða raunverulega framkvæmd. Þá er líka hægt að spyrja sig hvar mörkin milli raunveruleikans og leikhússins liggi, sérstaklega í ljósi þess að áherslan er á að rífa niður öll mörk.

Það var skoðun Boal að allir byltingarkenndir leikhópar ættu að leitast við að miðla aðferðum leikhússins til almennings þar sem leikhúsið væri vopn sem fólkið, hinir kúguðu ættu að geta beitt fyrir sig.

(Augusto Boal. 1974. Bls. 122)

Ég myndi segja að Besti flokkurinn hafi einmitt leitast við því að miðla pólitíkinni til almennings t.d. með því að færa orðræðuna á annað plan. Rífa dulbúninginn utan af orðunum og opinbera hvað í raun fælist í þeim. Þau hikuðu ekki við að koma með yfirlýsingar eins og að þau myndu brjóta öll sín kosningaloforð. Með því setja þau stjórn málaumræðuna í alveg nýtt samhengi. Hverju á að trúna? Og hvað felst í orðunum?

-Ósýnilega leikhúsið-

Í starfi sínu gerði Boal margar tilraunir og í gegnum þetta rannsóknarferli varð með tímanum til það kerfi sem nú er notast við um allan heim. Kerfi sem er byggt upp með hinum ýmsu tillögum að leikhúsi og eins æfingum fyrir leikarann sjálfan. Þau leikhúsform sem hann notast við í fræðum sínum eru: *Newspaper theatre*, *Invisible theatre*, *Photo-romance*, *Breaking of repression*, *Myth theatre*, *Analytical theatre* og *Rituals and masks*. Mig langar hér sérstaklega að fjalla um *Ósýnilega leikhúsið*.

Til útskýringar á ósýnilega leikhúsinu nefnir Boal sýningu sem var framkvæmd á hóteli í Chiclayo þar sem umboðsmenn ALFIN verkefnisins dvöldu. Sýningin fór fram á veitingastað hótelsins þar sem hótलगestir, ómeðvitaðir um sýninguna, ásamt nokkrum

leikurum sátu að snæðingi. „Sýningin” hefst á því að einn leikaranna byrjar að kvarta yfir matnum og talar það hátt að aðrir hótélgestir heyra til. Hann segist ekki geta borðað matinn. Þjónninn býður honum þá að panta eitthvað annað og leikarinn gerir það. En pantar mun dýrari rétt sem þjónninn bendir honum á. Leikarinn segir það ekki vera vandamál, fær matinn og borðar í flýti. Þegar þjónninn svo birtist með reikninginn snýr leikarinn sér að fólkinu á næsta borði og tjáir þeim með áhyggjusvip hversu mun betri hans matur hafi verið en auðvitað kosti það sitt. Því næst snýr hann sér að þjóninum og segir honum að hafa ekki áhyggjur hann muni að sjálfsögðu borga, vandamálið sé bara að hann eigi engan pening. Þjónninn spyr hann þá hvernig hann hafi ætlað sér að greiða fyrir matinn. Leikarinn segist þá bjóða sjálfan sig sem vinnukraft og segist muni vinna þar til hann hafi greitt fyrir matinn. Fólk á næstu borðum er farið að fylgjast með af mun meiri athygli en ef það sæti í leikhúsi og sumir byrja að ræða verðið á matnum og þjónustuna. Þjónninn kallar á yfirþjón og leikarinn útskýrir allt fyrir honum en bætir einnig við að það sé fátt sem hann geti gert, en hann geti t.d. farið út með ruslið og spyr hvað hann fengi í laun fyrir það. Þjónninn vill ekki svara honum en þá skerst annar leikari inn í og segist eiga vin sem vinni við að bera út rusl og nefnir launin. Aðalleikarinn kemst þá að því að hann muni þurfa að vinna tíu klukkustundir til að vinna sér inn fyrir matnum sem hann borðaði. Uppi verður fótur og fit á veitingarstaðnum þar sem flestir gestir staðarins er á einn eða annan hátt orðnir innvinklaðir í málið. Á endanum tók fólk að safna saman pening svo málið leystist og maturinn var greiddur. En umræður um atvikið héldum áfram út kvöldið. Með þessu tókst Boal að vekja til umræðu um stéttaskiptingu í landinu. Hann tekur þetta einstaka dæmi og gerir það sýnilegt, ekki með því að setja það í formúlu niður á blað, heldur með því að setja það í dramatískan búning. Með samanburði á tímakaupi starfsmannsins og verði á matnum verður efnið ápreifanlegt og vekur fólk til umhugsunar.

(Augusto Boal. 1974. Bls. 143-146)

Ástæðan fyrir því að ég valdi þetta sérstaka atvik úr rannsóknarvinnu Boal var að mér finnst það svipa að mörgu leyti til þeirra aðferða sem Besti flokkurinn notaðist við í kosningabaráttunni fyrir borgarstjórnarkosningarnar. Þar sem að þau komu fram með yfirlýsingar sem settu hefðbundnar yfirlýsingar stjórnámamanna í þannig samhengi að mikil umræða fór af stað um stjórnámál almennt og vakti upp spurningar eins og: Hvað er alvöru og hvað er grín í stjórnámálum? Fyrir hvað standa stjórnámálamenn? Hver „má“ vera stjórnámálamaður? Hvað felst í hlutverki stjórnámálamanns?

Með yfirlýsingum sínum og aðferðum fengu þau fólk til að setja spurningar við hin viðteknu gildi sem fram til þessa höfðu þótt sjálfsögð og engin ástæða til að velta fyrir sér.

Hvort sem Besti flokkurinn var leikrænt afl eða nýtti sér á einhvern hátt leikhúsið í kosningabaráttu sinni þá tókst þeim alla vega það sama og Boal með ósýnilega leikhúsinu á veitingastaðnum í Chiclayo. Þeim tókst að vekja umræður á hinum viðteknu gildum og þannig fá fólk til að hugsa á gagnrýninn hátt um samfélag sitt og kerfið sem það tilheyrir.

Eitt af sterkustu dæmunum um þetta var þegar Jón ákvað að draga framboð Besta flokksins til baka á framboðsfundi í Háskólanum í Reykjavík öllum til mikillar undrunar. Eflaust var það léttir fyrir marga sérstaklega flokksmenn ríkjandi flokka en vonbrigði fyrir aðra. Augnabliki síðar bætir hann síðan við; Nei, djók. Sem kallar fram mikinn hlátur viðstaddra, hver svo sem raunverulega viðbrögð allra voru. Hann endar ræðuna síðan á að segja „Það er fyrst að verða gaman núna og ég er risinn úr öskunni eins og fuglinn Felix.”

(Gnarr)

Þessum fundi var útvarpað og því voru það ekki einungis viðstaddir sem urðu vitni að atvikinu heldur náði þetta til allra landsmanna. Þetta einstaka atvik fékk því gífurlega umfjöllun og mætti segja að það hafi virkað á svipaðan hátt og hið ósýnilega leikhús á veitingastaðnum gerði. Atriði Jóns verður þó enn umfangsmeira þar sem það nær til heillar þjóðar og var ekki einungis útvarpað á landsvísu heldur stóðu líka yfir tölur á myndinni *Gnarr* sem var síðar sýnd í kvikmyndahúsum um allt land.

Reyndar var þetta eitt af fáum atriðum sem voru fyrirfram ákveðin eða skipulögð og voru Gaukur og Jón þeir einu sem vissu af því. Sem gerir alla aðra, bæði útvarpshlustendur og viðstadda að ómeðvituðum áhorfendum eins og þeim sem urðu vitni að sýningunni í Chiclayo.

(Gaukur Úlfarsson, 2012)

Það merkilega var að í myndinni verður hegðun Jóns sem var oft fáránleg miðað við viðtekin gildi samfélagsins eiginlega til þess að hefðbundin hegðun hinna verður fáránlegri. Honum tekst því að varpa ljósi á fáránleikann í leikritinu sem stjórn málin eru. Kannski vegna þess að hann er allan tímann raunverulegur og einlægur þrátt fyrir að koma með fáránlegar staðhæfingar.

Gaukur Úlfarsson leikstjóri *Gnarr* sagði að ekki væri beint hægt að segja að Jóni hefði

verið leikstýrt og raunar hefði hann komist að því með tímanum að vonlaust væri að forrita hann. Þeir hefðu t.d. gert það fyrir viðtöl og fundi að fara í sameiningu yfir hvað þyrfti að koma fram og hvað hann gæti sagt en svo fór Jón í viðtalið og endaði á að gera eitthvað allt annað. Sem varð reyndar oft algjör snilld. Hins vegar voru einhver atriði ákveðin eins og atvikið í Háskólanum í Reykjavík. Eins notuðust þau að einhverju leyti við „*keep them guessing*“ leið sem Gaukur notaði einnig með Silvíu Nótt. Meðal annars til að skapa umræðu og koma öllum sífellt á óvart. Jón var líka með þrjá mismunandi karaktera sem hann spilaði út eftir því hvað átti við hverju sinni og var það líka liður í að vekja umræðu og forvitni.

(Gaukur Úlfarsson, 2012)

Þessar aðferðir hafa því kannski kallað fram svipuð viðbrögð og Boal gerði með ósýnilega leikhúsinu þó svo að hugmyndirnar eða aðferðirnar hafi ekki verið algjörlega þær sömu.

Boal segir t.d. Um ósýnilega leikhúsið:

“The invisible theatre calls for the detailed preparation of a skit with a complete text or a simple script; but it is necessary to rehearse the scene sufficiently so that the actors are able to incorporate into their acting and their actions the intervention of the spectators.”

(Augusto Boal. 1974. bls.144)

En Gaukur talaði um að í raun hefði þetta allt gerst svo hratt að lítill tími hefði gefist í mikinn undirbúning. Heldur hefði þetta meira þróast á leiðinni.

En Jón er náttúrulega fyndinn og með tímasetningar á hreinu og því nýtti hann sér það í kosningarbaráttunni eða leiknum eins og hann kaus að kalla hana. Það kom t.d. allt á hárréttum tíma segir Gaukur þegar hann dró framboð Besta flokksins til baka.

(Gaukur Úlfarsson, 2012)

-Absúrdismi, viðbragð eftir hrun.-

Eins og Boal nefnir í fræðum sínum er minni uppreisnarhugur í vestrænu, kapítalísku samfélagi. Með hinu kapítalíska efnahagskerfi er okkur nefninlega haldið góðum. Við höfum það flest nokkuð fínt og kúgunin því ekki eins augljós. Kúgunin er sveipuð felulitum og leynist alls staðar, í sjónvarpsefni, fréttamiðlum og öðru sem fyrir okkur er haft. Við verðum stanslaust fyrir óbeinum skilaboðum um hvernig kerfið eigi að vera og

hver okkar staða sé innan kerfisins.

Svo hrynur allt, stóra spilaborgin sem var reist á sandi. Sýndarheimurinn okkar er ekki lengur til og það myndast örvænting. Hvað gerist í slíkum aðstæðum?

Í kjölfar seinni heimsstyrjaldar kom absúrdisminn fram sem eins konar viðbragð við því ástandi sem þá ríkti í heiminum. Eftir að almættið og trúin á tilgang mannlegrar tilvistar hafði gjörsamlega þurrkast út. Í okkar tilfalli var það efnahagskerfið sem hrundi. Þá var það guð sem dó en núna voru það einkavæddu bankarnir, tákn hins kapítalíska efnahagskerfis.

Var Besti flokkurinn ekki ákveðið viðbragð við því ástandi sem ríkti hér í kjölfar hruns eða ríkjandi pólitík?

Ef Besti flokkurinn var viðbragð við viðvarandi flokkspólitík er hann þá kannski andflokkur?

Hugtakið absúrd virtist reyndar oft koma upp þegar fólk reyndi að greina flokkinn eða finna honum einhverja stefnu. Fólk velti þessu nýja afli fyrir sér, hvað þau stæðu fyrir og hvernig hægt væri að flokka þau innan kerfisins.

Er Besti flokkurinn absúrd feluleikhús? Eða eru þau svar við þeim absúrd heimi sem við lifum í?

-Lokaorð-

Hvort þau eru andflokkur eða absúrd leikhús get ég ekki fullyrt enda erfitt og mögulega tilgangslaust að flokka flokk sem er á móti flokkun. En ég held ég geti svarað því játandi að þau hafi nýtt sér leikhúsið í kosningabaráttu sinni og tillögu að nýrri leið innan svarthvíta heimsins. Nýrri, pólitískri hugsun. Kannski leið í átt að litaheimi?

Þau fóru vissulega mjög óhefðbundnar leiðir sem gerði svarthvíta heiminum og kerfisdýrunum líka mjög erfitt að koma þeim snyrtilega fyrir á sína hillu. Þeim tókst í raun að koma algjörlega í veg fyrir flokkun á sjálfum sér. Á endanum gáfust kerfisdýrin upp, þau meira að segja stöldruðu við, hættu allri flokkun um stundarsakir og þau fóru meira að segja að setja spurningu við alla þessa flokkun. Sum þeirra gáfu hana meira að segja algjörlega upp á bátinn.

Er svarthvíti heimurinn kannski að renna sitt skeið? Ættum við bara að stoppa hann upp eins og Geirfuglinn?

Heimildaskrá

Emmanuel Haddad. „Comedian and new mayor Jon Gnarr spoofs politics in Reykjavik.” Nicola Potter. *Cafebabel.com The european magazine*. 23.júní 2010, Sótt 20.desember 2011, <<http://www.cafebabel.co.uk/article/34091/best-party-iceland-mayor-crisis-einar-benediktsson.ht>>

Viðtal Olgu Sonju Thorarensen við Gauk Úlfarsson 30.janúar 2012

Gaukur Úlfarsson, *Gnarr*, heimildamynd. Sigvaldi J. Kárason, Björn Ófeigsson, Ísland, 2010.

Ian Birrel, „Iceland brought in from the cold thanks to party of punks and pop stars”, 18.júní 2011, sótt 20.desember 2011, <http://www.guardian.co.uk/world/2011/jun/19/iceland-reykjavik-mayor-best-party>

Jochen Brenner, „From Punk Rocker to Mayor of Reykjavik”, 24.ágúst 2011, sótt 20.desember 2011, <http://www.spiegel.de/international/europe/0,1518,759333,00.html>

Boal, Augusto, *Theatre of the Oppressed*, Pluto Press, London, 1979.

Huxley, Michael og Witts, Noel, *The twentieth century performance reader*, 2. Útgáfa, Routledge, London og New York, 1996.